

L Ö G

um

hvalveiðar.

72

7. maí

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allir skíðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni, árið um kring, nema í ísvök sjeu eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt þvílíkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje síldveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþykktum hrefnueiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþyktina.

2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfið skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi og noti íslensk skip eingöngu til veiðanna.

3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hver hvalveiðastöð greiði 3000 króna árgjald í ríkissjóð, og auk þess 1000 krónur fyrir hvert hvalveiðaskip.

Ennfremur skal sjerleyfishafi greiða öll opinber gjöld og tolla samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Það skal og sett að skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur

72 með bræðslu og breytingu úrgangs, beina, kjöts og innýfla í markaðs-
7. maí hæfa vöru.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og afli og veiðarfæri upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi númin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. janúar 1924.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

73

7. maí

L Ö G

um

slysatryggingar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Að Vjer samkvæmt 7. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á lögum nr. 44, frá 27. júní 1925, um slysatryggingar, höfum látið færa texta fyrnefndra laga inn í meginmál laga nr. 44, 27. júní 1925, og gefum þau hjermeð út sem lög um slysatryggingar.

1. gr.

Skylt er að tryggja gegn slysum samkvæmt ákvæðum þessara laga: